



VSÓ Ráðgjöf ehf.  
Bryndís Skúladóttir  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG  
AUFUNDINGARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 31. október 2019  
Tilv.: UMH19070022/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, f.h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., frá 20. september 2019 þar sem sótt er um breytingu á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á togaranum Orlik. Fram kemur í erindi yðar að vegna óvæntra aðstæðna sem upp hafi komið sé sótt um breytingu á undanþágunni varðandi staðsetningu framkvæmdar. Framkvæmdalýsingin sé að mestu leyti óbreytt þeirri sem lýst var í matsskyldufyrirspurn Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur frá júlí 2019. Munurinn felist í staðsetningu innan hafnarinnar og breytingum á uppsetningu mengunarvarnabúnaðar. Núverandi staðsetning hafi þann kost að vera inni í höfninni þar sem sé minni öldugangur en við Skipasmíðastöðina. Verkið sé unnið í samráði við stjórn Reykjaneshafnar. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hafi fengið undanþágu frá starfsleyfi frá ráðuneytinu með bréfi hinn 19. júlí sl. Til hafi staðið að grafa rennu í fjöru framan við skipasmíðastöðina og gera malargarð um skipið þannig að hægt væri að rífa það þar. Í ljós hafi komið að klöpp var þar sem talið hafi verið að væri mól og því ekki hægt að dýpka rennuna. Í framhaldinu hafi verið ákveðið að undirbúningur niðurrifs færi fram við Norðurgarð í Njarðvíkurhöfn, þar sem skipið yrði létt. Þann 31. ágúst sl. hafi skipið verið fært að Norðurgarði og hafist hafi verið handa við að létta það. Fulltrúar Umhverfisstofnunar hafi komið í eftirlit hinn 3. september sl. og talið að niðurrif skipsins hafi verið hafið við Norðurgarð Njarðvíkurhafnar. Stofnunin hafi ákveðið að stöðva niðurrif skipsins þar til tilskilinna leyfa hafi verið aflað. Skipið standi nú við Norðurgarð Njarðvíkurhafnar. Unnið sé að því að ljúka uppsetningu á mengunarvarnabúnaði við Norðurgarð, sett hafi verið upp flotgirðing aftan við skipið og fyrirhugað sé að setja upp dælu og olúgildru. Unnið sé að því að fjarlægja lausamuni og spilliefni úr skipinu. Frekari vinna við skipið muni bíða niðurstöðu í leyfismálum. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Jafnframt sendi

ráðuneytið erindið til umsagnar Reykjaneshafnar og Skipulagsstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 21. október sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að stofnunin hafi áður veitt umsögn í málinu, dags. 17. júlí sl., þar sem fram hafi komið að í ljósi sérstakra aðstæðna og mats hafnarstjóra á neyð væri efni til að veita undanþágu og lögð hafi verið til ítarleg skilyrði undanþágu. Nú sé sótt um að framkvæmdin fari fram á öðrum stað innan Njarðvíkurhafnar en upphaflega hafi staðið til, þ.e. við Norðurgarð Njarðvíkurhafnar. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafi starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Starfsemi þar sem fram fari endurvinnsla skipa skuli hafa gilt starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd hafi heimildir til að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fari endurvinnsla skipa að 500 brúttótonnum. Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fari endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum. Það sé því ljóst að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. þurfi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að geta meðhöndlað og endurrunnið skip sem er stærra en 500 brúttótonn. Umhverfisstofnun staðfesti að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafi sótt um starfsleyfi til stofnunarinnar dags. 9. júlí sl. til að endurvinna skip og að stofnunin telji umsóknina vera fullnægjandi til frekari vinnslu. Þá hafi Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. einnig tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hafi tekið ákvörðun, dags. 19. júlí sl., þar sem fram komi að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þá telji Skipulagsstofnun að breyting á framkvæmdasvæði innan hafnarinnar kalli ekki á aðra ákvörðun um matsskyldu. Hvort ráðuneytið hyggist gera breytingu á fyrirliggjandi undanþágu eða gefa út nýja undanþágu taki stofnunin ekki sérstaka afstöðu til. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að ráðuneytið veiti umbeðna tímabundna undanþágu frá starfsleyfi eða breytingu á eldri undanþágu, í þessu einstaka tilviki vegna sérstakra aðstæðna. Stofnunin telji mikilvægt, verði undanþága veitt, að settar verði kröfur um mengunarvarnir, tryggingar og eftirlit er varðar starfsemina. Sérstaklega þurfi að huga að uppsetningu aðstöðu og mengunarvarna við Norðurgarð hafnarinnar.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 10. október sl. Þar kemur fram að nefndin telji rétt að veita umbeðna undanþágu að því gefnu að framkvæmdin öll verði á ábyrgð og undir forsjá Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur.

Umsögn Skipulagsstofnunar barst ráðuneytinu í tölvupósti 24. september sl. þar sem fram kemur að Hringrás hafi dregið til baka matsskyldufyrirspurn sína vegna niðurrifs á togaranum Orlik við Norðurgarð í Njarðvíkurhöfnum. Skipulagsstofnun hafi farið yfir breytingu á undanþágubeiðni frá starfsleyfi sem ráðuneytinu hafi borist barst hinn 20. september sl. Skipulagsstofnun telji að um sömu framkvæmd sé að ræða og sú sem stofnunin hafi tekið ákvörðun um þann 19. júlí sl. fyrir utan aðra staðsetningu, innar í Njarðvíkurhöfn. Skipulagsstofnun telji að sú breyting feli ekki í sér að taka þurfi nýja ákvörðun um matsskyldu þar sem umhverfisáhrifin verði þau sömu og fram hafi komið í fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Skipulagsstofnun setji sig ekki upp á móti breytingu á undanþágu á starfsleyfi vegna niðurrifsins.

Í umsögn Reykjaneshafnar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 26. september sl., kemur fram að Reykjaneshöfn leggist ekki gegn umræddri breytingu á undanþágu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur en gerir kröfur um að skaðleysi Reykjaneshafnar gagnvart framkvæmdinni sé tryggt áður en framkvæmd hefst.

Eins og fram hefur komið sækir Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., um breytingu á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á togaranum Orlik. Fyrir liggur að Umhverfisstofnun metur fram komna umsókn Skipasmíðastöðvarinnar um starfsleyfi fullnægjandi og hefur rekstraraðili skilað stofnuninni áhættumati og viðbragðsáætlun ásamt staðfestingu á bráðamengunartryggingu frá TM-Tryggingarmiðstöðinni. Í umsögn sinni gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að ráðuneytið veiti tímabundna undanþágu. Þá telur Skipulagsstofnun að um sömu framkvæmd sé að ræða og þá sem stofnunin tók ákvörðun um þann 19. júlí sl. fyrir utan aðra staðsetningu innar í Njarðvíkurhöfn. Skipulagsstofnun telur að þessi breyting feli ekki í sér að taka þurfi nýja ákvörðun um matsskyldu þar sem umhverfisáhrifin verði þau sömu og fram hafa komið í fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Framkvæmdinni sé ætlað að koma í veg fyrir yfirvofandi

umtalsverð og að hluta til óafturkræf áhrif á umhverfið. Ráðuneytið telur ljóst samkvæmt gögnum málsins að ástandið vegna staðsetningar togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn er mjög alvarlegt, m.a. sökum mengunarhættu sem stafar af skipinu. Eru því að mati ráðuneytisins ríkar ástæður sem mæla með veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Í ljósi þessa og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, Skipulagsstofnunar og Reykjaneshafnar, og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit veitir ráðuneytið Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., kt. 590269-4099, sem rekstraraðila, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi við endurvinnslu/niðurrif skipsins Orlik við Norðurgarð í Njarðvíkurhöfn. Skipið er 1900 brúttótonn að stærð og er Hringrás hf. eigandi skipsins og úrgangshafi.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Framkvæmdin er á ábyrgð og undir forsjá Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur.
2. Rekstraraðili skal viðhafa virka upplýsingagjöf um umfang, framgang og tímalengd framkvæmdar á vefsíðu sinni eða með öðrum opinberum hætti.
3. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar til samþykktar endurvinnsluáætlun, sbr. 64. gr. a laga nr. 55/2003 meðhöndlun úrgangs, áður en endurvinnslan hefst að nýju.
4. Rekstraraðili skal áður en framkvæmd hefst skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu tryggingarfélags á að bráðamengunartryggingin frá TM nái til nýrrar staðsetningar innan hafnarinnar.
5. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.
6. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.
7. Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.
8. Verkferlar skulu þannig útfærðir að hætt á mengun, þar með talið uppgufun á hvarfgjörnum efnum, sé eins lítil og mögulegt er.
9. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.
10. Skylt er að haga starfseminni þannig að sem mest dragi úr hávaða. Komi í ljós vandkvæði vegna hávaða ber fyrirtækinu að draga úr honum með að skerma af eða takmarka viðkomandi þátt starfseminnar og/eða vinna á þeim tíma dags sem minnst ónæði hlýst af. Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.
11. Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt. Þar sem hætt er á að olía berist í sjó skal olíuflotgirðing vera tiltæk.
12. Hæð tímabundins hafnargarðs sem útbúinn hefur verið meðfram skipinu skal vera þannig að sjór geti ekki flætt yfir á flóði.
13. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.
14. Tilkynna skal um bráðamengun innan hafnarsvæðis til viðkomandi hafnarstjóra sem grípur til viðeigandi ráðstafana skv. 13. gr. a. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
15. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja upplýst um óhappið. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
16. Efni sem falla til við niðurrifið/endurvinnsluna skulu flokkuð og geymd í merktum öruggum geymslueiningum.
17. Geyma skal úrgang á þann hátt að ekki sé hætt á að hann berist út í umhverfið.
18. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir fok á föstu efni.
19. Efni skulu flutt til viðurkenndra móttökuaðila úrgangs og spilliefna. Geyma skal kvittanir fyrir móttöku alls úrgangs.

20. Við meðhöndlun spilliefna og annarra hættulegra efna skal að öðru leyti fylgja lýsingu rekstraraðila í matsskyldufyrirspurn.
21. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum úrgangs.
22. Asbest skal meðhöndla í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang og viðeigandi leyfi og eftirlit Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og krafna Vinnueftirlitsins um aðbúnað og þjálfun starfsfólks.
23. Eftir að framkvæmd lýkur skal tryggja að allur úrgangur og búnaður er varða framkvæmdina verði fjarlægður af svæðinu. Sjóvarnargarði skal lokað og frágangur vera í samráði við Reykjaneshöfn. Verði mengunar vart í jarðvegi getur Umhverfisstofnun og/eða heilbrigðiseftirlit gert kröfu um að hann verði hreinsaður eða fjarlægður og komið í viðurkennda meðhöndlun. Hreinsun telst ekki lokið fyrr en úttekt Umhverfisstofnunar hefur farið fram.
24. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun áfangaskýrslu um framgang verks mánaðarlega frá því að undanþága tekur gildi.
25. Rekstraraðili skal taka saman skýrslu að framkvæmd lokinni þar sem koma fram upplýsingar um framkvæmdina, magntölur úrgangs, móttökuaðila úrgangs, kvartanir, viðbrögð og mótvegisaðgerðir, tímaramma framkvæmdar og frágang á athafnasvæði.
26. Að öðru leyti skal haga framkvæmdum í samræmi við lýsingu í skýrslu VSÓ ráðgjafar frá september 2019 sem unnin var fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. og send var með umsókn um breytingu á undanþágu til ráðuneytis.
27. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., skal fylgja öðrum ákvæðum starfsleyfis sem Heilbrigðisnefnd Suðurnesja gaf út 16. maí 2019 eftir því sem við á.
28. Rekstraraðili skal vinna verkið í samráði við stjórn Reykjaneshafnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun viðhafa almennt eftirlit með starfsemi stöðvarinnar samkvæmt starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur gefið út fyrir skipasmíðastöðina. Reykjanesbær hefur eftirlit með þeim framkvæmdum sem eru framkvæmdaleyfisskyldar og varðandi eftirlit með skipulagi, einkum vegna framkvæmda við hafnargarð hafnarinnar. Verði vart við bráðamengun innan hafnar fer ábyrgð á aðgerðum og eftirlit skv. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til, að endurvinnna skipið Orlik í þeirri aðstöðu sem útbúin verður við Norðurgarð. Skipasmíðastöðin ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber rekstraraðila að fylgja fyrirmælum Umhverfisstofnunar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Verði frávik frá skilyrðum undanþágunnar getur Umhverfisstofnun beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 eða lagt á stjórnvaldssekt skv. ákvæði 67. gr. laganna.

Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Undanþága þessi frá starfsleyfi skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 nær til starfsemi við endurvinnslu/niðurrif togarans Orlik. Verði bráðamengun þá ber hafnarstjóra, skv. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn á vettvangi. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Eftir að bráðaaðgerðum lýkur getur hafnarstjóri óskað eftir því að heilbrigðisnefnd hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bráðaaðgerðum og ákveður hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn á frekari aðgerðum er stofnuninni heimilt að hlutast til um þær.

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skulu birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí

2020. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils.

Undanþága frá starfsleyfi sem ráðuneytið veitti Skipasmiðastöð Njarðvíkur vegna starfsemi við endurvinnslu/niðurrif skipsins Orlik í Njarðvíkurhöfn með bréfi hinn 19. júlí 2019 er hér með felld úr gildi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Marianna Said

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd\_Suðunesja  
Skipulagsstofnun  
Reykjaneshöfn  
Landhelgisgæslan  
Hringrás  
Hafrannsóknastofnun  
Skipasmiðastöð\_Njarðvíkur

